



Borgarráð

Fyrstu aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 - Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum

Tillaga að fyrstu aðgerðum Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 var samþykkt í borgarráði þann 26. mars sl. Borgarstjórn hefur verið samstíga í að bregðast við áfallinu sem Covid-faraldurinn hefur í för með sér með áherslu á velferð borgarbúa, afkomu þeirra og þeirra grunnstoða samfélagsins sem þurfa styrk til að standa af sér víðtækar og neikvæðar afleiðingar vírussins.

Aðgerðirnar sem samþykktar voru þann 26. mars sl. voru þrettán talsins. Aðgerð 3 er borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum og er hún svohljóðandi:

Tölulegum gögnum og staðreyndum um þróun aðstæðna hjá einstaklingum, fjölskyldum og atvinnulífi verður safnað á vettvangi Reykjavíkurborgar næstu mánuði og misseri til að leggja grunn að frekari tillögugerð og aðgerðum sem ýmist verður beint til borgarráðs, fagráða Reykjavíkurborgar, ríkis eða sameiginlegs vettvangs sveitarfélaga eða annarra aðila. Í samráði við hagsmunaaðila verður fylgst með lykilþáttum og áhrifum stöðunnar á atvinnulíf og samfélag, lífskjör og húsnæðismarkað með sérstakri áherslu á börn og menntun þeirra, barnafjölskyldur, fatlað fólk, eldra fólks, atvinnulausa og viðkvæma og útsetta hópa.

Hjálagt er minnisblað um drög að fyrirkomulagi borgarvaktar í velferðar- og atvinnumálum og hugmyndir að bæði bráða- og borgarvísunum. Lagt er til að þessi drög verði tekin til umræðu og umfjöllunar á sameiginlegum fundi velferðarráðs, skóla- og frístundaráðs og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs sem jafnframt kalli til samráðs við hagsmunaaðila og geri tillögu að skipun tímabundins samráðsvettvangs þeirra á meðan á verkefnum og viðbrögðum við Covid-19 og afleiðingum þess standa yfir.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað um borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum, dags. 14. apríl 2020.

Minnisblað

Til borgarstjóra

Frá undirbúningshópi borgarvaktar í velferðar- og atvinnumálum.

Dags. 14. apríl 2020

Efni- Aðgerðir til að bregðast við afleiðingum Covid -19 faraldursins - Borgarvaktin

Á fundi borgarráðs þann 26. mars sl. voru samþykktar 13 tillögur sem snúa að aðgerðum til að bregðast við afleiðingum Covid-19 faraldursins. Ein af tillögum lýtur að því að setja á fót „Borgarvaktina“, nokkurs konar velferðarvakt sem ætlað er að vakta afleiðingar Covid -19 faraldursins á aðstæður borgarbúa og atvinnulífið.

Tillagan var svohljóðandi:

Tölulegum gögnum og staðreyndum um þróun aðstæðna hjá einstaklingum, fjölskyldum og atvinnulífi verður safnað á vettvangi Reykjavíkurborgar næstu mánuði og misseri til að leggja grunn að frekari tillögugerð og aðgerðum sem ýmist verður beint til borgarráðs, fagráða Reykjavíkurborgar, ríkis eða sameiginlegs vettvangs sveitarfélaga eða annarra aðila. Í samráði við hagsmunaaðila verður fylgst með lykilkáttum og áhrifum stöðunnar á atvinnulíf og samfélag, lífskjör og húsnæðismarkað með sérstakri áherslu á börn og menntun þeirra, barnafjölskyldur, fatlað fólk, eldra fólk, atvinnulausa og viðkvæma og útsetta hópa.

Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara var falið að kalla til fulltrúa frá sviðum og skrifstofum Reykjavíkurborgar til að koma að skilgreiningu og innleiðingu verkefnisins. Var óskað eftir tillögum að vísun frá sviðunum. Byggt á svörum sviðanna hafa verið sett fram drög að annars vegar bráðavísunum og hins vegar borgarvísunum. Enn á eftir að fara fram nokkur umræða um vísana þar á meðal við hagsmunaaðila og í ráðum Reykjavíkurborgar. Í framhaldi verður útbúið mælaborð og mun gagnþjónusta Reykjavíkurborgar leiða þá vinnu. Hér á eftir verður gert grein fyrir uppbyggingu verkefnisins auk þess sem drög að vísun má finna í fylgiskjölum með minnisblaðinu. Það skal áréttað að um vinnugögn er að ræða og eru allar ábendingar vel þegnar.

1. Markmið og umfang verkefnisins

Markmið verkefnisins er tvíþætt. Annars vegar að koma auga á gögn og staðreyndir sem rétt er að halda til haga og miðla til stjórnenda, starfsmanna, borgarbúa og hagsmunaaðila með það að markmiði að undirbyggja tillögur og aðgerðir í tengslum við þær aðstæður sem Covid 19 hefur skapað. Á þeim grunni verði þróað mælaborð þar sem settir verði fram mælikvarðar/vísar -sem eru mikilvægir fyrir líf fólks og hafa bein áhrif á félagslega velferð þess. Hins vegar er um að ræða samráð við hagsmunaaðila sem leitt verði af formönnum velferðarráðs, skóla- og frístundaráðs og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs.

Í fyrstu er lögð áhersla á að koma auga á gagnlega mælikvarða og vísa. Það er nauðsynlegt að mælikvarðarnir sem valdir eru styðji við undirbúning ákvarðanatöku og upplýsingamiðlun til almennings í þeim fordæmalausu aðstæðum sem við stöndum nú frammi fyrir.

Meðal þess sem litið verður til við val á vísun er mælaborð Reykjavíkurborgar, félagsvísar velferðarvaktarinnar, lýðheilsuvísar, gagnasöfn, mælaborð erlendra borga o.fl.

Til þess að Borgarvaktin þjóni tilgangi sínum þarf að velja vísa sem mögulegt er að uppfæra ört og að sem mestu leyti sjálfvirk. Þá þarf að horfa á hversu mikla sundurliðun er gagnlegt og raunhæft að gera, s.s. eftir kyni, aldri, menntun o.s.frv.

Í þeim tilfellum þar sem talið er mikilvægt að miðla upplýsingum sem krefst vinnu þarf að tryggja stuðning við gagnaöflunina til að þetta mikilvæga verkefni auki ekki álag á þá sem nú þegar eru önnur kafnir. Þetta á ekki síst við um mælikvarða sem gefa innsýn inn í þær aðgerðir sem starfsfólk er að grípa til nú þegar til að bregðast við ástandinu en gagnlegt er að halda utan um. Má þar nefna upplýsingar sem snúa að breyttri þjónustu og breytingum í starfsumhverfi sem tilkomnar eru vegna faraldursins.

2. Framkvæmd verkefnisins

Lagðir eru til mælikvarðar/vísar sem munu liggja til grundvallar ákvarðanatöku um aðgerðir Reykjavíkurborgar til að bregðast við áhrifum Covid-19 faraldursins. Vísunum er skipt upp í tvo meginflokka:

Bráðavísar

Bráðavísar eru þeir vísar sem verða í forgrunni. Með bráðavísu er horft á áhrif Covid-19 faraldursins til skemmri tíma og á bráðavandann sem hann skapar. Þetta eru tölur sem eiga að gefa skýra heildarmynd af því hvernig faraldurinn hefur áhrif á borgina, velferð borgarbúa, efnahag og umhverfi og nýtast við ákvarðanatöku um aðgerðir til að bregðast við aðstæðunum.

Borgarvísar

Borgarvísarnir eru nánari útlistanir á bráðavísunum og viðbætur við þá. Þessar tölur eru hugsaðar sem frekari lýsing á rekstri borgarinnar í kjölfar faraldursins, brotin niður á svið. Með borgarvísu er einnig horft á áhrif Covid-19 faraldursins til lengri tíma og á þróunina og viðfangsefnin sem hann skapar.

Vonarvísar

Þá er lagt til að innan bæði bráða- og borgarvísa verði skilgreindir svokallaðir vonarvísar sem gefa innsýn í verkefni og aðgerðir sem farið hefur verið í með það að markmiði að styðja við viðkvæma hópa og byggja samfélagið upp á ný.

1. Fasi – hugmyndaöflun og samráð

Hér eru lagðar fram hugmyndir að bæði bráðavísu og borgarvísu, ásamt tillögum að flokkun vísanna, tíðni birtingar og frekari athugasemdum. Markmiðið er að fá skýra mynd af því hvaða tölum á að safna og í hvaða tilgangi.

Þegar drög að borgar- og bráðavísu liggja fyrir eru þau kynnt í borgarráði og fagraðum eftir atvikum, auk þess sem leitað verður samráðs við hagsmunaaðila.

Þá þarf einnig að vera í samstarfi við þau sem safna upplýsingunum og gögnunum um nýtingu og birtingu þeirra.

2. Fasi – hönnun mælaborðs

Þegar liggur fyrir hvaða tölum skal safna mun gagnaþjónustan hefja hönnun á mælaborði. Taka þarf ákvörðun um hvaða vísa skuli birta ört og hverja sjaldnar. Þá þarf að ákveða hvaða vísar verði birtir á ytri vef borgarinnar.

3. Fasi - gagnaöflun

Gagnaöflun fer að hluta til fram samhliða 2. fasa. Gagnaþjónustan mun annast sjálfvirka gagnaöflun og safna gögnum á einn miðlægan stað. Þar verður hægt að gæðaprófa gögnin áður en þau enda á mælaborðinu.

4. Fasi – Birting og uppsetning

Mælaborð fer í loftið sem vefsíða og/eða app. Ítrun á mælaborði tekur við sem tekur mið að endurgjöf frá notendum. Birting verður einnig í formi mánaðalegrar skýrslu til borgarráðs.

Gagnaþjónusta Reykjavíkur mun leiða faglega vinnu verkefnisins í nánú samstarfi við undirbúningshóp og svið og skrifstofur Reykjavíkurborgar.

Í hjálögðu skjali má sjá fyrstu tillögur fagsviða að bráðavísunum og borgarvísunum sem eru í vinnslu.

Helga Björg Ragnarsdóttir
Óli Páll Geirsson
Svavar Jósefsson
Unnur Margrét Arnardóttir

Fylgiskjal 1

Á fundi borgarráðs þann 26. mars sl. voru samþykktar 13 tillögur sem snúa að aðgerðum til að bregðast við afleiðingum Covid-19 faraldursins. Til að vinna að tillögu um Borgarvakt til að vakta afleiðingar Covid -19 faraldursins á aðstæður borgarbúa og atvinnulífið var leitað til fulltrúa sviða og skrifstofa Reykjavíkurborgar um að skipa í undirbúnings- og ráðgjafahóp. Hópin skipa:

Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri - skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Svavar Jósefsson, sérfræðingur - skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Unnur Margrét Arnardóttir, sérfræðingur - skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
Óli Páll Geirsson, gagnastjóri - gagnþjónusta Reykjavíkur
Páll Hilmarsson, sérfræðingur - gagnþjónusta Reykjavíkur
Hlynur Hallgrímsson, sérfræðingur - gagnþjónusta Reykjavíkur
Þorbjörn Þórarinnsson, sérfræðingur - gagnþjónusta Reykjavíkur
Harpa Hrund Berndsen, mannauðssérfræðingur – mannauðs og starfsumhverfissvið
Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, teymisstjóri - velferðarsvið
Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri – skóla- og frístundasvið
Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, sérfræðingur – umhverfis- og skipulagssvið
Halldóra Dýrl. Gunnarsdóttir, jafnréttisráðgjafi – mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Þórhildur Ósk Halldórsdóttir, deildarstjóri – fjármála- og áhættustýringarsvið
Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri – skóla- og frístundasvið
Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, sérfræðingur - skóla- og frístundasvið
Auður Gréta Óskarsdóttir, sérfræðingur - fjármála- og áhættustýringarsvið
Hrönn Hrafnisdóttir, sérfræðingur - umhverfis- og skipulagssvið
Jóhanna Garðarsdóttir, deildarstjóri – íþróttá- og tómstundasvið
Guðmundur Sigmarsson, verkefnastjóri - velferðarsvið

Bráðavísar – fjölskyldur og einstaklingar – Drög

Drög að vísium	Vísar - tegund	Svið
Fjárhagsaðstoð (greina eftir bótarétti v. fjárhagsaðstoðar og fleiri bakrunnsbreytum)	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	VEL
Félagslegt húsnæði (umsóknir)	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	VEL
Sérstakur húsnæðisstuðningur (umsóknir)	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	VEL
Tilkynningar til barnaverndar	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	VEL
Tilvísanir til skólaþjónustu	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	VEL
Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	USK
Fjöldi hjólandi og gangandi	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	USK
Fjöldi/fækkun barna í leikskólum	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	SFS
Fjöldi/fækkun barna í frístundaheimilum	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	SFS
Skólasókn	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	SFS
Stytting þjónustutíma í leikskólum og frístundaheimilum	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	SFS
Eru foreldrar að segja upp þjónustu s.s. í frístundaheimilum, leikskólum og hádegismat í grunnskólum?	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	SFS
Líðan barna. Nemendakannanir, Skólapúlans	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	SFS
Heimilisofbeldi (fjöldi tilkynninga, kyngreindar upplýsingar, börn á heimili)	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	MAR
Fjöldi útkalla lögreglu eftir kyni brotþola og ríkisborgarrétti	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	MAR
Frístundakortið (nýting)	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	ÍTR
Atvinnuleysi/atvinnuþátttaka (fjöldi/hlutfall) ath. bakrunnsbreytur	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	FÁST
Vísitala leiguverðs	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	FÁST
Fjöldi leigusamninga sem er þinglýst eftir kyni og fleiri bakrunnsbreytum	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	FÁST
Fjöldi umsókna til umboðsmanns skuldara	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	Annað

Bráðavísar – atvinnulíf - Drög

Drög að vísium	Vísar - tegund	Svið
Fjöldi útgefna starfsleyfa af heilbrigðiseftirliti	Bráðavísar - atvinnulíf	USK
Fjöldi útgefna byggingarleyfa	Bráðavísar - atvinnulíf	USK
Fjöldi mála á afgreiðslufundum skipulagsfulltrúa	Bráðavísar - atvinnulíf	USK
Fjöldi útgefna afnotaleyfa USK	Bráðavísar - atvinnulíf	USK
Fjöldi nýráðninga hjá Reykjavík	Bráðavísar - atvinnulíf	MOS
Fjöldi stöðugilda hjá Reykjavík	Bráðavísar - atvinnulíf	MOS
Fjöldi ferðamanna til landsins	Bráðavísar - atvinnulíf	MOF
Fjöldi gistinátta í Reykjavík	Bráðavísar - atvinnulíf	MOF
Fjöldi starfa eftir atvinnugreinum	Bráðavísar - atvinnulíf	FÁST
Fjöldi beiðna um frestun gjalddaga fasteigna- og innviðagjalda	Bráðavísar - atvinnulíf	FÁST
Vanskil fasteignagjalda fyrirtækja	Bráðavísar - atvinnulíf	FÁST
Gjaldprot fyrirtækja með skráða kt. í Reykjavík eftir mánuðum	Bráðavísar - atvinnulíf	FÁST

Borgarvísar - Drög

Drög að vísum	Vísar - tegund	Svið
Tilvísanir til skólabjónustu	Borgarvísar VEL	VEL
Ósk um aðkomu hegðunarráðgjafa (skólamá)l)	Borgarvísar VEL	VEL
Vatnsgæði strandsjávar: (Fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni)	Borgarvísar USK	USK
Blandaður úrgangur þr íbúa	Borgarvísar USK	USK
Fjöldi nemenda í Vinnuskólanum	Borgarvísar USK	USK
Fjöldi gesta í Grasagarðinn	Borgarvísar USK	USK
Hlutfall grænna fjárfestinga af heildarfjárfestingum borgarinnar	Borgarvísar USK	USK
Nemendakannanir Skólalúpsins	Borgarvísar SFS	SFS
Nemendakannanir R&G	Borgarvísar SFS	SFS
Foreldrakannanir	Borgarvísar SFS	SFS
Líðan barna	Borgarvísar SFS	SFS
Fjöldi foreldra sem ekki geta staðið í skilum við gjöld.	Borgarvísar SFS	SFS
Eru foreldrar barna sem njóta stuðnings að stytta þjónustutíma/segja upp þjónustu?	Borgarvísar SFS	SFS
Eru foreldrar barna sem læra íslensku sem annað mál að stytta þjónustutíma/segja upp þjónustu?	Borgarvísar SFS	SFS
Þátttaka barna í íþrótt og tómstundastarfi	Borgarvísar SFS	SFS/ÍTR
Fjöldi barnaverndartilkynninga frá starfsstöðvum SFS	Borgarvísar SFS	SFS
Vímuefnaneysla unglíngja	Borgarvísar SFS	SFS
Atvinnuleysi nema yfir sumartímann	Borgarvísar MOS	MOS
Kynbundinn launamunur	Borgarvísar MAR	MAR
Atvinnuþátttaka fatlaðs fólks - Fjöldi nýrra vinnusamninga við fatlaða	Borgarvísar MAR	MAR
Hlutfall þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman ATH	Borgarvísar MAR	MAR
Meðaltalstekjur	Borgarvísar MAR	MAR
Hlutfall sem er í leikskóla	Borgarvísar MAR	MAR
Hlutfall útkalla þar sem er barn/börn á heimil	Borgarvísar MAR	MAR
Fjöldi innflytjenda eftir kyni og aldri	Borgarvísar MAR	MAR
Fjöldi fæðinga	Borgarvísar MAR	MAR
Fjöldi brottfluttra/nýskráðra í Reykjavík eftir uppruna	Borgarvísar MAR	MAR
Heimsóknir á sundstaði	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	ÍTR
Heimsóknir í Fjölskyldu- og húsdýragarð	Bráðavísar -fjölskyldur og einstaklingar	ÍTR